

AUGLÝSING

um skipulag í Gaulverjabæjarhreppi, Hraungerðishreppi og Villingaholtshreppi í Árnessýslu.

Að fengnum tillögum Skipulagsstjórnar ríkisins hefur ráðuneytið ákveðið samkvæmt heimild í 4. gr. 2. mgr. skipulagslaga nr. 19 21. maí 1964, að ákvæði skipulagslaga nr. 19/1964 skuli ná til Gaulverjabæjarhrepps, Hraungerðishrepps og Villingaholtshrepps, Árnessýslu, að undanskildum nauðsynlegum byggingum vegna búrekstrar á lögbýlum.

Þetta er hér með birt til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 11. maí 1977.

F. h. r.
Jón S. Ólafsson.

Hólmfriður Snæbjörnsdóttir.

AUGLÝSING

um breyting á aðalskipulagi Reykjavíkur.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið í dag staðfest breytingu á áður staðfestu skipulagi Reykjavíkur að því er tekur til eftirfarandi:

Spilda, sem áður var ráðgerð sem opið svæði umhverfis Bjarg, breytist í íbúðabyggð, en áður ráðgert íbúðasvæði framan við lóðirnar Laugalækur 50—62 breytist í opið grænt svæði.

Félagsmálaráðuneytið, 26. maí 1977.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Hólmfriður Snæbjörnsdóttir.

AUGLÝSING

um breyting á aðalskipulagi Reykjavíkur.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið í dag staðfest breytingu á áður staðfestu skipulagi Reykjavíkur að því er tekur til eftirfarandi:

Lóðunum Hátún nr. 2 og 2 A, sem áður höfðu verið ráðgerðar sem opin græn svæði, hefur nú verið breytt í iðnaðarsvæði.

Félagsmálaráðuneytið, 26. maí 1977.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Hólmfriður Snæbjörnsdóttir.